



430. Stjórnarfundur haldinn 16. apríl 2014 kl:18:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Þórður Magni Kjartansson (PMK), Bjarney S. Snævarsdóttir (BS), Birgir Ingibergsson (BI) og Guðjón Axelsson (GA).

Kári Gunnlaugsson (KG), Sveinn Adolfsson (SA), Birgir Már Bragason (BMB) boðuðu forföll.

1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Bréf frá ÍSÍ v/ Starfsskýrslna skila.

EH sagði frá því að búið væri að skila starfsskýrslunni.

Bréf frá UMFÍ v/ fundarboðs á Vorfund 10. maí Grindavík. *EH mun mæta.*

Bréf frá Umhverfissjóði Fríhafnarinnar v/ umsóknar félagsins í sjóðinn. *Umsókninni hafnað.*

Tölvupóstur frá formanni körfuknattleiksdeildar v/ styrktarþjálfara. *Umræður um málið og ákveðið að fresta erindinu til næsta fundar og boða þá Fal á fundinn.*

3. Send bréf.

Engin.

4. Formannafundur.

Fundagerð formannafundar liggur fyrir fundinum og hefur hún verið send á stjórnarmenn deilda félagsins. Umræður um fjáraflanir og leyfisbréf. Engar athugasemdir hafa komið frá deildum félagsins. *Ákveðið að taka reglugerðina og leyfisbréfið upp á næsta stjórnarfund.*

5. Umhverfisdagur.

Umhverfisdagurinn er þriðjudaginn 29. apríl 2014 kl. 17:00 – 19:00.

Stjórnir deilda kom og fá sitt fólk í lið með sér og fegra sín svæði.

Við gerum okkur svo glaðan dag og endum þetta með grilli.

Samstarfsaðilar eru Reykjanesbær, Samkaup og Víkurfréttir.

6. Önnur mál.

Úthlutun Íþrótt- og tómsundaráðs Reykjanesbæjar á fimmtán milljónum til innrastarfs til handa íþróttafélögum innan ÍRB. Skipting liggur fyrir prentuð út af vef Reykjanesbæjar. Nokkrar umræður um skiptinguna og furðar aðalstjórn sig á því að ekki skildi vera haft samráð við aðalstjórn félagsins með skiptinu á þessu fé. Aðalstjórn er þakklát fyrir veittan stuðning Reykjanesbæjar við innra starf.

Samþykkt að greiða þáttökugjöld þeirra aðila sem taka þátt í Landsmóti UMFÍ 50+ í nafni Keflavíkur og keppa undir okkar merkjum.

EH kom inn á að boða þyrfti til fundar í unglingslandsmótsnefnd eftir páska.

Fimleikadeild félagsins verður með íþrótt- og útivistaskóla Keflavíkur dagskrá skólans liggur fyrir fundinum.

EH var boðaður á fund Íþrótt- og tómsundaráð Reykjanesbæjar miðvikudaginn 9. apríl til að kynna framtíðarsýn félagsins til 2024, en var síðan afboðað.

Næsti fundur ekki ákveðin.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.19:00

Fundinn ritaði BS

